

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök  
Heimilanna



28. mars 2022

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 39. mál á 152. löggjafarþingi**

*Menntasjóður námsmanna (launatekjur)*

Hagsmunasamtök heimilanna eru heilshugar fylgjandi frumvarpi þessu, sérstaklega 2. gr. þess. Það er óþarfi að refsna námsmönnum fyrir að afla sér aukatekna með vinnu, með því að skerða lántökurétt þeirra. Lán er ekki gjöf því það þarf alltaf að endurgreiða og ef eitthvað er ætti námsmaður sem sýnir getu til að afla sér aukinna tekna að teljast líklegri til að geta staðið undir skuldbindingum sínum en ella. Jafnframt er slíkur námsmaður líklega í betri aðstöðu en ella til að meta lántökupörf sína og haga lántöku eftir því. Að öðru leyti er tekið undir röksemdir um þetta í greinargerð með frumvarpinu.

*Nánar um 2. gr. frumvarpins:*

Samkvæmt 2. mgr. 26. gr. laga um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020 eru kröfur vegna námslána undanþegnar ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti um lengd fyrningarfrests og sérreglum þeirra um fyrningarslit. Þetta brýtur í bága við meginreglu skuldaskilaréttar um jafnræði kröfuhafa, auk þess að fela í sér mismunun milli skuldara eftir tegund skulda, svo sem vegna námslána eða húsnæðisskulda. Er því vandséð að umrætt ákvæði laganna samræmist jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Tveggja ára fyrningarregla 165. gr. laga um gjaldþrotaskipti var sett árið 2010 í kjölfar bankahrunsins og hefur reynst mikilvæg réttarbót, en gjaldþrot er stundum eina leiðin sem einstaklingar hafa út úr óviðráðanlegum skuldavanda. Með umræddri 26. gr. laga nr. 60/2020 var vegið að því úrræði og það hefur grafið verulega undan réttarstöðu skuldara. Lánasjóðurinn er í raun eini kröfuhafinn sem hefur ekki viljað una slíkri fyrningu og hefur höfðað fjölda dómsmála til að slíta henni, en tapað þeim öllum. Í öllum dómum Hæstaréttar Íslands í umræddum málum var því hafnað að sjóðurinn hefði sérstaka hagsmuni umfram aðra kröfuhafa af því að kröfur sínar fyrndust ekki samkvæmt ákvæðinu. Ákvæði 26. gr. laga nr. 60/2020 fer því þvert gegn þessum afgerandi niðurstöðum Hæstaréttar Íslands.

*Niðurstaða:*

Hagsmunasamtök heimilanna mæla með því að frumvarpið verði **samþykkt**.

- 0 -

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

*Guðmundur Ásgeirsson*

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is



Hólar, 6. mars 2022

**Umsögn Landsþings LÍSt um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020 (launatekjur)**

Landsþings LÍSt fagnar því að verið er að hugsa til hags stúdentanna, en það ber að setja varnagla við ákvæði þessa frumvarps. Umbætur á lánasjóðskerfinu hafa verið helsta viðfangsefni íslensku stúdentarhreyfinganna í afar langan tíma, enda er sterkt lánasjóðskerfi lykilatriði í því að tryggja jafnt aðgengi að námi. Þó að þessar breytingar boða vel í grunninn verða þær vafasamar við nánari skoðun.

Íslenskir stúdentar hafa lengi barist fyrir því að frítekjumarkið verði hækkað enda er það lágt miðað við hin Norðurlöndin.

## Mánaðarleg frítekjumörk námslánakerfa Norðurlandanna yfir árabilið 2021-2022

Ísland	Danmörk	Finland	Noregur	Svíþjóð
<a href="#">117.500 ISK</a>	<a href="#">266.787 ISK</a>	<a href="#">124.416 ISK</a>	<a href="#">235.859 ISK</a>	<a href="#">206.755 ISK<sup>1</sup></a>

Til þess að sjóðnum sé kleift að gegna sínu hlutverki sem jöfnunarsjóður er það nauðsynlegt að hann veiti aðstoð til þeirra sem þurfa mest á námslánum að halda. Það að afnema frítekjumarkið væri velviljuð aðgerð í átt að þessu markmiði, en afnám frítekjumarksins felur í sér lúmskar afleiðingar sem myndi grafa undan jöfnun. Stúdentar sem þéna háar tekjur og eru færir um að framfleyta sér gætu tekið út námslán og þar af leiðandi skilið stúdentanna eftir sem eru í lágláunastörfum eða atvinnulausir og eiga erfitt með að mæta útgjöldum. LÍSt tekur undir með seinni grein frumvarpsins að sömu reglur eiga að gilda um fyrningu námslána og gilda um almennar kröfur.

<sup>1</sup> Þetta er frítekjumarkið undir venjulegum kringumstæðum. Að svo stöddu er ekkert frítekjumark til 30. júní 2022 af sökum heimsfaraldursins.

Enn og aftur fagna samtökin þessari umræðu um Menntasjóð námsmanna, enda er hún brýn og tímabær. Þó ber að hafa í huga heildar myndina og vera varkár í útfærslu breytinga. Menntasjóður námsmanna er jöfnunarsjóður, og þess vegna á hann ekki að sækjast eftir jafnrétti (að gefa öllum það sama), en heldur eftir jafnræði (að gera öllum eins kleift að ræða sín örlög).

152. löggjafarþing 2021–2022.

Þingskjal 39 – 39. mál.

10. mars 2021

## Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020 (launatekjur)

Stúdentaráði Háskóla Íslands hefur borist til umsagnar frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis frumvarp til laga um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna er varðar launatekjur námsmanna. Stúdentaráð styður breytingar og aðgerðir sem hafa það markmið að jafna möguleika fólks til náms óháð félagslegum bakgrunni. Mikilvægt er þó að fara varlega í breytingar sem gætu haft áhrif á stöðu Menntasjóð námsmanna sem félagslegt jöfnunartól.

### Afnám frítekjumarks (1. gr.)

Fyrsta grein frumvarpsins mælir fyrir um afnám frítekjumarks hjá Menntasjóði námsmanna. Nánar tiltekið að miðað sé við veitingu framfærsluláns án tillits til launatekna námsmanns eða fjölskyldu hans. Stúdentaráð hefur lengi bent á að lántakar neyðast oft en ekki til að vinna með skóla vegna of lágrar grunnframfærslu, sem svo minnkar framfærsluna ennþá meira vegna frítekjumarksins. Þá vinna stúdentar yfir langt sumarfrí án framfærslulána frá Menntasjóðnum sem gerir það oft að verkum að á þremur mánuðum er lántaki búinn að fullnýta frítekjumarkið fyrir árið. Sér í stað ber að hækka grunnframfærsluna til muna, svo að stúdent á námslánnum geti framfleytt sér á meðan námi stendur án þess að þurfa að vinna með námi. Sé grunnframfærslan leiðrétt og árleg endurskoðun fest í lög, verður einnig að hækka frítekjumarkið til muna.

Það á ekki að koma að skerðingu framfærsluláns að stúdent kjósi að vinna meðfram námi. Því tekur Stúdentaráð undir að hækka þurfi frítekjumarkið svo að það skerði ekki í hvívetna framfærslulán lántaka. Hinsvegar ber að nálgast afnám frítekjumarksins varlega. Raunar verður að koma til móts við hækkun, afnámi, tvískiptingu eða annars konar breytingar á frítekjumarkinu með auknu fjármagni í námslánakerfið. Þá má benda á að í núverandi fjárlögum er gert ráð fyrir lækkun framlags til Menntasjóðsins. Það þyrfti því viðameiri breytingar á íslenska kerfinu til að ráðast í afnám frítekjumarksins, þegar í stað yrði að fjármagna sjóðinn til muna og sjálfbærnis hugsjónin að heyra sögunni til.

Afnám frítekjumarksins getur þó haft í för með sér skerðingu á stöðu námslánakerfisins sem félagslegt jöfnunartól. Stúdentar búa við ólíkar aðstæður og huga þarf að því fyrir hverja námslánin eiga að vera fyrir. Námslán eru fyrir marga ekki ákjósanlegasti kosturinn til framfærslu heldur nauðsynleg og því ber að tryggja fyrst og fremst að Menntasjóður



Stúdentaráð Háskóla Íslands

námsmanna grípi þann hóp. Stúdentaráð kallar eftir því að áhrif afnám frítekjumarksins sé ítarlega greint með tilliti til kjör námslánanna fyrir stúdenta. Stúdentaráð telur einnig að ákvæði um að ekki komi til skerðingar á láninu vegna launatekna fjölskyldu lántaka skerði á jöfnunarhlutverk Menntasjóðsins þar sem ekki allir stúdentar búa við sömu fjölskylduaðstoð.

### **Fyrningarfrestur (2. gr.)**

Lagt er til að 2. mgr. 26. gr. falli brott. Sú regla kemur í veg fyrir að kröfur vegna námslána falli niður í kjölfar gjaldþrots. Stúdentaráð tekur undir með greinargerð frumvarpsins um að sömu reglur eigi að gilda um fyrningu námslána og gilda um almennar kröfur. Það á ekki að koma að sök að kröfurnar eru tilkomnar vegna námslána frekar en annars konar lána.

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Isabel Alejandra Díaz  
Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands